

Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 20.03.2019

Kl. 18:03

Mættir eru: Benedikt Jónsson, Jósef Auðunn Friðriksson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson, Pálína Margeirsdóttir og Auður Vala Gunnarsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með dúndrandi lófaklappi með smávægilegum breytingum.

2. *Innsend erindi:*

- A) Huginn hefur sent inn erindi þar sem þau bjóðast til að halda Ársþing UÍA árið 2020
- B) UMFÍ – Fyrirhugað ferð til Danmerkur að heimsækja systursamtök. UÍA stefnir á að senda þrjá fulltrúa.
- C) ÍSÍ Þing – Þarf að senda lista yfir fulltrúa fyrir 18. Apríl. UÍA á tvo sæti á þinginu.

3. Skýrsla skrifstofu

- a) Ársreikningur og uppgjör: Ársreikningurinn er nánast klár. Hann verður kláraður bráðlega og sendur út. Unnið að því að koma á lista yfir óvirk félög svo að þau safni ekki upp félagsskuldum.
- b) Sumarstarfsmaður: Auglýsingu verður dreift í austurglugganum fimmtudaginn 21. Mars.

4. *UMFÍ 50+*

Það er komin drög að dagskrá. Fyrirhugað er að fá aðila til að kynna boccia og kynna mótið í leiðinni. Stefnt er að því að halda kynningu á Norfirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi, Vopnafirði og Seyðisfirði.

5. Ársþing

Stöðfirðingum gengur vel að manna þing og undirbúningur gengur vel.

Send verður út áminning á félögin um að tilnefna íþróttamann UÍA.

Unnið er að því að klára starfsmerki og tilnefningar fyrir það.

Umræðurhópar á þingi. Áætlað að hafa fimm umræðuhópa. Hver einstaklingur mun sækja þrjá hópa. Fyrsta stopp verður 25 mínútur, næsta stopp verður 20 mín og þriðja 15. Mín.

Hópanir eru:

1.Fjármál

2. Menntamál

3. Starf UÍA: hvað er gott og hvað má fara betur. Hvaða sýn á UÍA að hafa.

4. Landsmót 50+ Kynning og pepp.

5. Nora

Áætlað að halda þing á Seyðisfirði árið 2020.

Stefnt að næsta fundi. Klukkan 18:00 að staðartíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:56

Fundargerð ritaði Benedikt Jónsson